

Nr. 6.
17. júní.

Auglýsing

um

Reglugjörð um opinber reikningsskil.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefur Hans Hátígn konunginum í dag þóknast allramildilegast að staðfesta eftirfylgjandi:

Reglugjörð um opinber reikningsskil.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu árlega gjöra reikningsskil fyrir gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir. Reikningsárið er almanaksárið.

2. gr.

Reikninga fyrir umliðið ár skal gjöra svo tímanlega, að hægt sje að senda þá með fylgiskjölum áleiðis til stjórnarráðsins innan loka febrúarmánaðar þess árs, sem í hönd fer. Sjálfir reikningarnir eiga að vera tvírtaðir, en fylgiskjölin með þeim mega vera einrituð.

Í sama mund skal senda landsfjehirði endurrit af reikningunum án fylgiskjala.

Reikningsskil hvers árs eru ein heild útaf fyrir sig, er ekki má blanda saman við önnur ár. Í reikningana skal því aðeins færa tekjur þær, sem landssjóði hafa hlotnast á reikningsárinu, en hins vegar ber að telja þær allar þær tekjur, er greiddast hafa átt, enda þótt þær kunni að vera ógreiddar.

Uppi reikningana á ekki að taka eftirstöðvar frá fyrri árum eða fullnæging á reikningsúrskurðum, heldur verður að gjöra sjerstaka grein fyrir þessu, þegar upphæðirnar eru greiddar í landssjóð.

3. gr.

Reikningshaldarar skulu heimta saman tekjur þær, sem þeim er trúað fyrir, jafnskjótt og eða sem allra fyrst eftir að þær falla í gjalddaga. Verði vanskil á greiðslunni skulu þeir, svo fljótt sem verða má, gjöra ráðstafanir til þess að ná þeim inn annaðhvort með lögtaki eða á annan hátt samkvæmt gildandi lögum. Er þeim því alment bannað að veita gjaldendum neinn frest á greiðslunni, sbr. þó, að því er tollskyldar vörur snertir, lög nr. 53, 16. nóvbr. 1907.

4. gr.

Tekjurnar skal greiða í landssjóð jafnóðum og þær eru heimtar inn, og skal, nema um lítilfjörlegar upphæðir sé að ræða, senda þær með fyrstu póstferð, sem fellur, eftir að þær eru greiddar reikningshaldara. Venjulega skal senda þær beint til landsfjehirðis, en þó má greiðsla einnig fara fram í Kaupmannahöfn með ávísun, er send sje stjórnarráðinu og stíluð þannig, að það geti ráðstafað henni. Ávísunin skal hljóða uppá

banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús í Kaupmannahöfn, ef Nr. 6.
nægileg skilríki eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Ávísunin verður að hljóða uppá 17. júní.
borgun við sýningu, og ábyrgist reikningshaldari, að hún verði greidd á rjettum gjaldaga,
annars verður hann tafarlaust að greiða upphæð ávísunarinnar í landssjóð.

5. gr.

Sjerhverri upphæð, sem borguð er í landssjóð, skal fylgja brjef, þar sem nákvæmlega sje skýrt frá, hverjar tekjugreinir er ætlast til að verði borgaðar með þeirri upphæð, sem send er. Verður því að sundurliða tekjugreinirnar jafn nákvæmlega og þær eru sundurliðaðar í reikningunum og fjárlögum, og tilgreina nákvæmlega hve mikið eigi að ganga til greiðslu á hverri tekjugrein um sig.

6. gr.

Sje reikningshaldari eigi búinn að borga allar þær tekjur, sem taldar eru í reikningnum, skal hann fortakslautstanda skil á því, sem eftir stendur, um leið og reikningurinn er sendur, nema því aðeins að heimild sje til þess að telja upphæðina með útgjöldum sem útistandandi skuld um stundar sakir, eða fyrir fullt og allt sem ófánlega.

7. gr.

Ef reikningshaldari greiðir ekki tekjur landsins inn í landssjóð, eins og fyrir er mælt í 4. gr., eða gjörir ekki reikning í tæka tíð (sbr. 2. gr.), eða hann stendur í skuld eftir reikningi þeim, sem fram er kominn (sbr. 6. gr.), má hann búast við því, að stjórnarráðið annaðhvort víki honum frá embætti eða sýslan um stundar sakir, eða ef það kann að þykja hagfeldara í einstöku tilfelli, setji annan mann til þess fyrst um sinn á kostnað reikningshaldara að heimta inn tekjurnar.

8. gr.

Þá er landsfjehirðir hefir tekið við endurrítum þeim af reikningunum, sem getur um í 2. gr., skal hann rannsaka, hvort upphæðir þær, sem taldar eru borgaðar samkvæmt þeim, sjeu í raun og veru inn komnar. Reynist svo ekki, skal hann þegar í stað skýra stjórnarráðinu frá því.

9. gr.

Allir sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda bækur þær, er nú skal greina, yfir tekjur þær, sem þeir innheimta í landssjóð:

1. Manntalsbók yfir tekjur þær, sem greiðast eiga á manntalsþingum, svo sem ábúðar- og lausafjárskatt, húsaskatt og tekjuskatt.
2. Aukatekjudagbók.
3. Aðflutningsgjaldabók.
4. Útflutningsgjaldabók.
5. Vörutollsbók.

Bækur þessar skulu færðar eftir fyrirmynd frá stjórnarráðinu, og skulu löggiltar af því. Í aukatekjudagbókina skal innfæra þær tekjur, sem landssjóði tilfalla og þar á að tilfæra, jafnóðum og gjörð sú er framkvæmd, er borga ber fyrir. Skiftagjöld skal tilfæra á skiftalokadegi, og uppboðslaun, þá er innheimtufrestur er á enda. Skal í uppboðsbókinni við hvert uppboð tilfæra dag, er launin eru tilfærð í aukatekjudagbók. Í tollbækurnar skal innfæra tolltekjur af hverju skipi, jafnskjótt sem því verður við komið, en skyldi það einhverra orsaka vegna þurfa að dragast, skal eigi að síður innfæra þau skip, sem síðar hafa komið, jafnskjótt og því verður við komið, og ætla hinu pláss eftir komudegi þess.

Nr. 6. Bækur þessar, að manntalsbók undanskilinni, skulu gjörðar upp fjórum sinnum 17. júní á ári, við lok hvers ársfjórðungs, en í árslok skal rita yfirlit yfir það, sem tilfallið hefir á öllum ársfjórðungunum, og leggja þær upphæðir saman, svo að út komi tekjurnar á öllu árinu.

Áður en mánuður er liðinn af næsta ársfjórðungi, skal senda stjórnarráðinu yfirlit yfir það, sem landssjóði hefir tilfallið á síðasta ársfjórðungi af aukatekjum, aðflutningsgjaldi, útflutningsgjaldi og vörutolli ásamt nákvæmri skilagreini um það, hvernig tekjur þessar hafi verið borgaðar í landssjóð.

Eje því landssjóði tilheyrandi, sem á hverjum tíma, milli pósthæða, er í sjóði hjá reikningshaldara, skal ávallt haldið sjer og eigi látið saman við fje hans sjálfs eða annara.

10. gr.

Ennfremur skulu þeir halda þessar bækur:

1. Höfuðbók, er sýni viðskifti hvers þess manns í lögsagnarumdæminu, sem svara á aðflutnings- eða útflutningsgjaldi og vörutolli. Svo skal og í bók þessa færa hvert dánar- og þrotabú, sem tekið er til opinberrar skiftameðferðar.
2. Sjóðbók. Í hana skal innfæra:
 - a. Allar greiðslur (þarmeð taldar ávísanir) uppi að- og útflutningsgjald og vörutoll, eigi sjaldnar en vikulega.
 - b. Aukatekjur, þarmeð talið vitagjald, leyfisbrjefagjald og erfðafjárgjald, vikulega á hverjum laugardegi.
 - c. Manntalsbókargjöld, sömuleiðis vikulega.
 - d. Allar aðrar tekjur, sem þeim innheimtast í embættisnafni, hverjar sem þær svo eru svo sem uppboðsfje, skiftafje, ómyndugra fje, eða fje sent frá stjórnarráðinu, öðrum stjórnarvöldum eða einstökum mönnum. Skal þessar tekjur innfæra, jafnóðum og þær berast gjaldheimtumanni, uppboðsfje þó í einr lagi. Við hvern lið skal tilfæra innanstryks hvers konar tekjugreinin er.

Á sama hátt skulu þeir tilfæra gjaldamegin, þegar þeir senda upphæðir í landssjóð eða borga þær út rjettum viðtakendum, svo að sjóðbókin geti jafnan sýnt, hve mikið er í sjóði á hverjum tíma sem er.

11. gr.

Tvisvar á ári, hinn 1. apríl og 1. október, skulu gjaldheimtumenn gjöra sjóðbókina upp, og senda stjórnarráðinu eftirrit úr henni fyrir umliðið tímabil, og skulu þeir jafnframt gjöra grein fyrir því, hvort og hve mikið af fje því, sem í sjóði á að vera, sje í þeirra vörslum eða í sparisjóði, svo sem skiftafje eða ómyndugra, svo og, ef ástæða er til, hvers vegna þeir eigi hafi greitt það af hendi.

12. gr.

Á hverjum þremur árum að minsta kosti lætur stjórnarráðið rannsaka hjá gjaldheimtumönnum landssjóðs, hvort reglugjörð þessari sje nákvæmlega fylgt, og skulu þeir skyldir að sýna, að þeir hafi í sjóði það sem vera ber. Reynist sjóðþurður hjá einhverjum þeirra, mega þeir búast við, að þeim verði tafarlaust vikið frá embætti eða sýslan.

13. gr.

Umboðsmenn þjóðjarða skulu nákvæmlega hegða sjer eftir erindisbrjefum þeim, sem þeim voru sett, er þeir tóku við umboðinu, að því er snertir umboðsstjórn, innheimtu umboðstekna og skil á þeim, bókfærslu o. fl.

Nr. 6.
17. júní.

14. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. október 1915, og falla frá sama tíma úr gildi reglugjörð um opinber reikningsskil 13. febr. 1873 og reglugjörð 25. maí 1878.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 17. júní 1915.

Einar Arnórsson.

Indriði Einarsson.

Lög

um

heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af
Norðurálfuófriðnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lög-
mæltum útgjöldum.
3. Að taka enn fremur alt að 1 miljón króna lán til slíkra kaupa.

Nr. 7.
21. ágúst.